

Föstudaginn 5. júní 1953.

Nr. 100/1952. **Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson**
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Agli Ragnars f. h. ólögráða dóttur sinnar,
Guðrúnar E. Ragnars (Lárus Jóhannesson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skipsleiga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1952. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara að dæmd bótafjárhæð verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjendum in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki tekin til greina sú málsástæða áfrýjenda, að stefnda hafi brostið aðild til höfðunar máls þessa.

Sjóslysið, er v/s Ragnar, S.I. 91, fórst hinn 30. júlí 1947, var með þeim hætti, að það leysti áfrýjendur ekki undan skyldum þeim, er þeir höfðu tekið á sig með skipsleigusamningnum, um að greiða stefnda andvirði síldarnóta þeirra, sem í málinu greinir, þar sem ekki var unnt að skila nótnum sjálfum, svo og um að greiða stefnda eftirstöðvar leigugjaldsins. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um nefndar fjárgreiðslur ásamt vöxtum, eins og þar segir.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda samtals kr. 7000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson, greiði in solidum stefnda, Agli Ragnars f. h. Guðrúnar E. Ragnars, kr. 100.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 15. ágúst 1947 og af kr. 50.000.00 frá 15. september 1947, hvorttveggja til greiðsludags, og kr. 7000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 2. maí 1952.

Mál þetta, sem teikð var til dóms þann 25. þ. m., hefur stefnandi, Egill Ragnars sildar kaupmaður, Þórshöfn, f. h. Ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar E. Ragnars, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar samkvæmt heimild í leigusamningi með stefnu útgefinni 14. júlí f. á. á hendur þeim Gunnlaugi Guðjónssyni framkvæmdastjóra, Aðalgötu 6, Siglufirði og Barða Barðasyni skipstjóra, Lækjargötu 11, Siglufirði og gerir þær kröfur, að stefndu verði annar fyrir báða og báðir fyrir annan dæmdir til að greiða skaðabætur að upphæð kr. 120 000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 70 000.00 frá 30. júlí 1947 og af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947, hvorttveggja til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu. Síðar var mál þetta flutt fyrir sjó- og verzlunardóm Akureyrar og hefur verið rekið fyrir þeim dómi.

Af hendi stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum, að í júnímánuði 1947 hafi Útvegsbankinn á Akureyri í umboði stefnanda leigt stefndu skip stefnanda, v/s Ragnar, SI 91, til síldveiða þá um sumarið ásamt tilheyrandi síldveiðarfærum, þar á meðal tveim síldarnótum, djúpnót og grunnót. Hinn 30. júlí um sumarið sökk skipið vegna ofhleðslu og mistaka skipstjórnarmanna. Báðar síldarnæturnar, sem voru óvátryggðar, fórust með skipinu. Stefnandi telur stefndu bera bótaábyrgð á tjóni því, er hann hefur orðið fyrir við missi nótanna, en þær telur hann hafa verið 70 þúsund króna virði. Auk þess telur stefnandi sig eiga rétt til að fá greidda fulla leigu samkvæmt leigusamningnum, þótt skipið færist, sökum þess að það skeði fyrir handvömm skipstjórnarmanna. Ógreidd leiga nemur kr. 50 000.00. Með dómi Siglingadóms 31. maí 1949 var skipstjóri sá, er stjórnaði skipinu, er það sökk, dæmdur til refsingar fyrir að hafa með gáleysi valdið því, að skipið fórst eða a. m. k. hafi gáleysi hans átt sinn hlut að því, að svo fór. Stefndu réðu skipstjóra og skipshöfn á skipið.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins. Með auglýsingu, dags. 31. des. 1947, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, var tilkynnt, að vátryggingafé og útgerð v/s

Ragnars SI 91, talin eign Guðrúnar Ragnars, væri tekið til opinberra skipta. Skipaður fjárgæzlumaður hennar við skipti þessi lýsti yfir því, að hann gæti ekki fallið á, að Guðrún Ragnars, sem var ósjálfráða barn, gæti borið persónulega ábyrgð á skuldum og stefndu telja, að búinu hafi verið skipt sem skuldafrágöngubúi. Af þessum sökum telja stefndu, að kröfur á hendur þeim vegna útgerðar þeirra á skipinu verði eingöngu hafðar uppi í nafni skuldafrágöngubúsins og með hagsmuni skuldheimtumannna þess fyrir augum.

Stefnandi véfengir, að um skuldafrágöngubúskipti í merkingu skipta-laganna hafi verið hér að ræða. Á dómþingi skiptaréttar Reykjavíkur þann 24. júní 1948 tekur skiptaráðandi fram, að með bú þetta hafi eigi verið farið sem protabú, enda hafi engin krafa um það verið gerð og ekki liggi fyrir sannanir um það, hvort skuldir útgerðarinnar verði rétti-lega taldar skuldir Guðrúnar Ragnars eða ekki. Þá gat skiptaráðandi þess á sama dómþingi, að komið hefði til tals að höfða mál á hendur stefndu út af veiðarfærum tilgreindum í leigusamningi um v/s Ragnar og lýsti því yfir af hálfu búsins, að ekkert væri við málssókn þessa að athuga og heimilaðist hún, þó án nokkurs kostnaðar fyrir búið.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að um gjaldþrotaskipti hefur ekki verið að ræða og verður sýknukrafa, byggð á aðildarskorti, því ekki tekin til greina.

Samkvæmt leigusamningi um skipið milli aðilja máls þessa var það leigt ásamt sildveiðarfærum og leiguupphæð ákveðin í einu lagi fyrir hvort tveggja kr. 110 000.00. Leigusalar skyldu annast sjóvátryggingu skipsins. Telja stefndu, að þarinnig hafi stefnandi tekið á sig áhættuna af öllu sjó-tjóni, sem hið leigða yrði fyrir á leigutímanum, og fengið tjón sitt að fullu bætt með vátryggingarfé skipsins, en skipið sjálft var vátryggt fyrir kr. 400 000.00 og auk þess tryggt húftryggingu fyrir kr. 100 000.00. Samkvæmt vátryggingarskírteinunum, sem lögð eru fram í málinu, hefur einungis skipið verið vátryggt, en veiðarfærin ekki. Stefnandi hefur því ekki fengið veiðarfæratjón bætt af vátryggingarfénu. Ekki verður heldur af leigusamningnum ráðið, að stefndu séu lausir við hvers konar ábyrgð á sjó-tjóni, að því er veiðarfærin snertir. Hins vegar er í þeim samningi tekið fram um veiðarfærin, að þeim skuli skilað í sama ástandi og við upphaf leigutímans, að undanskildu eðlilegu sliti.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að ábyrgð þeirra á tjóni af völdum gáleysis skipstjóra takmarkist af ákvæðum 13. gr. siglingalaganna, sem kveður svo á, að útgerðarmaður ábyrgist slíkt tjón einungis með skipi og farmgjaldi. Ábyrgðarregla þessi getur ekki átt við í lögskiptum aðilja máls þessa, þar sem slíkt mundi leiða til þess, að útgerðarmenn yrðu ábyrgðarlausir gagnvart leigusala á hvers konar tjóni af völdum ásetnings- eða gáleysisverka skipstjóra eða manna, er í þágu skipsins vinna. Þannig verður lagagrein þessi ekki skilin. Hins vegar kemur hér til greina sú almenna regla kröfuréttarins, að maður ber ábyrgð á tjóni, er orsakast af völdum ásetnings- og gáleysisverka starfsmanna hans. Samkvæmt þessu og þar sem staðfest er með dómi Sigl-

ingadóms, að skipið hafi farizt að meira eða minna leyti fyrir handvömm skipstjórans, ber hinum stefndu að bæta stefnanda tjón, er hann varð fyrir við missi umræddra sildarnóta.

Stefndu hafa krafizt þess til vara, að bætur vegna nótatjónsins verði stórlega lækkaðar frá því, sem krafizt er í stefnu, og tjóninu verði skipt, miðað við sök hvors um sig á því, skipstjórans og ráðamanns skipsins, stefnandans Egils Ragnars. Halda stefndu því fram, að meginorsök til þess að skipið fórst, hafi verið stórkostlegir gallar á því, er gerðu það að verkum, að það fór illa í sjó. Um þetta hafi stefnanda Agli Ragnars hlotið að vera kunnugt og honum hafi borið skylda til að aðvara stefndu um galla skipsins. Þar sem hann lét þetta undir höfuð leggjast, sé hann meðvaldur að því, að skipið fórst.

Skipið var upphaflega byggt sem gufuskip og hét áður Sæfari. Árið 1945 var því breytt í mótorskip. Breytingin var gerð með samþykki skipaskoðunarstjóra og undir eftirliti skipaskoðunarmanns. Það var gert út til sildveiða eftir breytinguna sumrin 1945 og 1946 og hafði löggilt haf-færisskírteini, er það fórst. Stefnandi Egill Ragnars mótmælir því eindregið, að um hafi verið að ræða slæmt sjóhæfi eða galla á skipinu og ekki verður af gögnum málsins ráðið, að álitinu hinna sérfróðu manna í dóminum, að um galla á skipinu hafi verið að ræða. Hins vegar hafði skipstjórinn talsverða reynslu af skipinu og mátti því bezt vita, hvað mátti bjóða því. Þykir því krafa um lækkun bóta, vegna þess að stefnandi Egill Ragnars hafi verið meðvaldur að tjóninu, ekki á rökum byggð.

Nætur þær, sem fórust með skipinu, voru grunnnót og djúpnót. Stefnandi kveður djúpnótina hafa verið góða og tveggja ára gamla. Grunnnotin var gerð upp úr eldri djúpnót og vel nothæf að sögn stefnanda. Vitnið Einar Malmquist Einarsson, framkvæmdastjóri nótastöðvar Óla Konráðssonar, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að næturnar hafi báðar verið til geymslu og viðgerðar í nótastöðinni veturinn 1946—1947. Viðgerðar- og litunarkostnaður nótanna nam kr. 15 600.00. Segir hann, að báðar hafi verið notaðar, en í mjög sæmilegu ástandi og djúpnótin muni hafa verið nýleg. Áætlað hann verð nótanna að viðgerð lokinni samantlagt kr. 60—70 þús., en verð á nótum kveður hann hafa verið tiltölulega hátt þá um vorið, vegna skorts á nýju nótæfni. Hann kvaðst vita til, að notuð nót óviðgerð var seld í ársbyrjun 1947 á kr. 32 500.00.

Skipstjórinn á v/s Ragnari sumarið 1947, Kristinn Stefánsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að grunnnótin hafi verið það léleg, að hann taldi hana ónothæfa sem veiðarfæri, hins vegar var aðalnótin sæmileg, en veikbyggð, svo að gæta varð varúðar við notkun hennar. Fyrsta daginn, sem hún var notuð, rifnaði hún svo að gera varð við hana. Thorberg nokkur Einarsson gerði við nótina. Hefur hann komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hún hafi verið veik, einkum um miðjuna. Hann hefur og skýrt svo frá, að verð nýrra nóta á þessum tíma hafi verið 38—42 þús. krónur.

Skipstjóri á v/s Ragnari sumarið 1946, Jóhannes Halldórsson, hefur einnig komið fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að djúpnótin hafi verið

vel löguð til veiða og styrkleiki hennar eins og frekast varð ætlast til eftir aldri og notkun. Nótin var 210 faðma löng og 35 faðma djúp í poka. Grunnnotina taldi hann sæmilega að styrkleika og eftir viðgerð, er hann lét gera á henni, hafi hún verið góð. Nót þessi var 126 faðma lög og 24 faðma djúp í poka. Vitnið notaði báðar næturnar. Upplýst var við munnlegan flutning málsins, að skipið hefði verið búíð að fiska hátt á 3. þús. mál, er það fórst, auk þeirra 780 mála, er talið er að í því hafi verið, þegar það fórst. Má af þessu nokkuð ráða um nothæfi aðal-nótarinnar.

Með tilliti til þeirra gagna, er nú hafa verið rakin, og með hliðsjón af eðlilegu sliti eina sildarvertíð telur dómurinn hæfilegt að meta tjón stefnanda við missi nótanna kr. 50 000.00 og ber stefndu að bæta tjón þetta.

Að því er snertir kröfu stefnanda um vangreidda leigu segir svo orð-rétt í skipsleigusamningnum: „Ef skipið ferst eða strandar á leigutímanum eða verður að hætta sökum bilunar af óviðráðanlegum ástæðum, lækkar leigan hlutfallslega, miðað við þriggja mánaða leigutíma.“ Að áliti dóms-ins á fyrirvarinn af óviðráðanlegum ástæðum ekki aðeins við, ef skipið verður að hætta sökum bilunar, heldur einnig ef það ferst eða strandar á leigutímanum, enda var rík ástæða til að kveða skýrar á um þetta, ef skilja átti það á annan veg. Þar sem hér var ekki um það að ræða, að skipið færast af óviðráðanlegum ástæðum, heldur er það staðfest með dómi, er ekki hefur verið hnekkt, að skipstjórinn hafi átt meiri eða minni sök á að svo fór, leiðir það af þessu samningsákvæði, að stefnandi á rétt á leigu allt samningstímabilið. Ber því einnig að taka til greina kröfu hans um greiðslu á kr. 50 000.00 fyrir vangreidda leigu.

Niðurstaða máls þessa verður þannig sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 100 000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947, er leigan féll í gjalddaga, og 6% árs-vöxtum af kr. 50 000.00 frá lokum sildarvertíðar, 15. sept. 1947, hvort tveggja til greiðsludags. Þá þykir og verða að dæma stefndu til að greiða kr. 5000.00 upp í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, Benedikt Steingrímsson, fyrrverandi hafnarvörður, og Gísli Eyland skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson, greiði in solidum stefnanda, Agli Ragnars f. h. Guðrúnar E. Ragnars, kr. 100 000.00 auk 6% ársvaxta af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947 og 6% ársvaxta af kr. 50 000.00 frá 15. sept. 1947, hvort tveggja til greiðsludags, og kr. 5000.00 upp í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.